215. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 12. júní 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og varamaður forstöðumanns Minjastofnunar Íslands Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Halldór Arason frá Deloitte.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur* kl 11:00.

2. *Fundargerð 214. fundar lögð fram til samþykktar.* Fundargerð samþykkt.

3. *Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs.* Halldór Arason hjá Deloitte kynnti og fór yfir ársreikning Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður.

Halldór Arason vék af fundi.

4. *Umfjöllun allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um málefni líkhúsa*. Smári Sigurðsson sagði frá fundi með allsherjar- og menntamálanefnd vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 (rekstur líkhúsa). Jákvæður fundur og sérstaklega ánægjulegt hvað greinargerð með frumvarpinu sýndi mikinn skilning á málaflokknum. Rétt að hrósa starfsmönnum ráðuneytisins fyrir það. Umræður.

Bókun: Farið verður á leit við ráðuneytið að ganga frá samningnum milli kirkjugarðaráðs og ríkisins um framlag til ráðsins.

5. *Önnur mál. 1)* Ingvar Stefánsson hefur verið boðaður á fund hjá dómsmálaráðuneyti út af bálstofunni. Eru að bíða eftir niðurstöðu heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík vegna kvartana frá nágrönnum. 2) Ágústa Erlingsdóttir sagði frá ferð norður í Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu. Meðal annars var kirkjugarðsveggur á Siglufirði skoðaður en hann er að skríða fram og þarfnast nauðsynlega viðgerðar/endurbyggingar. 3) Rætt um fyrirhugaða ferð Kirkjugarðaráðs í Borgarfjörð og á Snæfellsnes og lagt til að hún verði farin fimmtudaginn 14. ágúst.

Fundi slitið kl. 12:10.